

## Svar

### umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Landgræðslunnar.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Landgræðslan?*

Hlutverk Landgræðslunnar er að hafa eftirlit með framkvæmd laga um landgræðslu, nr. 155/2018, og annast daglega stjórnýslu á því sviði sem lögin ná til.

Önnur helstu verkefni Landgræðslunnar eru:

- a. að leiðbeina um vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu lands,
- b. að vinna að og hvetja til þátttöku í landgræðslu,
- c. að vinna að þróun landgræðslu, m.a. með því að stunda rannsóknir og þróunarstarf,
- d. að afla upplýsinga um landnýtingu og ástand lands og miðla þeim,
- e. að hafa yfirsýn yfir og eftirlit með áætlunum og framkvæmdum í landgræðslu í landinu,
- f. að hafa umsjón með landgræðslusvæðum.

Nánari upplýsingar um hlutverk Landgræðslunnar er einnig að finna í öðrum lögum, sbr. lög nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., og lög nr. 60/2013, um náttúruvernd. Upplýsingar um hlutverk Landgræðslunnar má einnig finna á heimasíðu stofnunarinnar [www.land.is](http://www.land.is).

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Landgræðslunnar og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárveiting til Landgræðslunnar samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020 er 1.154,6 millj. kr. Þar af nema fjárveitingar til fyrirhleðslna 71,8 millj. kr. Að öðru leyti er fjárheimildin ætluð í verkefni stofnunarinnar og er ekki sundurliðuð frekar.

